

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

87. fundur haldinn í húsnæði Vatnajökulsþjóðgarðs við Einhleyping í Fellabæ

2. október 2017

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Steingrímur Karlsson og Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Formaður setti fund kl. 16:45.

Dagskrá:

1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða

Ruth fór yfir dagskrá fundarins og óskaði eftir athugasemdum. Þórhallur óskaði eftir að rætt yrði undir önnur mál um breytingu á vegi inn í Kverkfjöll, samstarf um landvörslu með norðursvæði þjóðgarðsins og að tekið yrði til umræðu undanþágur á gistingu utan tjaldsvæða. Samþykkt að bæta þessum málum við dagskrá fundarins undir önnur mál í lok dagskrár.

2. One system – tekið upp í VJÞ

Kynningu á One system frestað þar sem gögn hafa ekki borist um innleiðingu á kerfinu.

Ruth greindi þó frá því að þegar kerfið yrði innleitt þá myndi það hafa í för með sér þær breytingar að svæðisráðsmenn þyrftu að vera búin að senda inn óskir um önnur mál fyrir fram.

3. Fjárhagsáætlun 2018

Ruth greindi frá áframhaldandi niðurskurði á rekstrarfé til þjóðgarðsins sem fram kemur í tillögum að frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018. Frumvarpið var ekki lagt fram. Svæðisráð mótmælir tillögum að niðurskurði og lýsir yfir áhyggjum sínum þar sem fjöldi ferðamanna hefur á sama tíma margfaldast í þjóðgarðinum.

Svæðisráð leggur áherslu á eftirfarandi þætti fyrir árið 2018 varðandi rekstur, framkvæmdir og viðhald á austursvæði þjóðgarðsins:

- Heilsársstaða hálandislandvarðar.
- Kannað verði samstarf við sveitafélög og Landsvirkjun um landvörslu.
- Uppbygging á aðstöðu fyrir landverði í Krepputungu.
- Samstarf um upplýsingamiðstöð við Möðrudal.
- Viðhald á Snæfellsskála.
- Viðhald slóða á austursvæði.
- Brú yfir Blöndu.

4. Vinna við nýja reglugerð vegna VJÞ – 7. Breyting

4. liður dagskrár var tekinn fyrir á eftir 5. Lið.

Fyrir fundinum liggja við drög að 7. breytingu á reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulspjóðgarð.

Ruth tekur saman athugasemdir svæðisráðs og sendir á formann stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Umræða var um eftirtalda þætti reglugerðarinnar:

- Skilgreiningu á atvinnutengdri starfsemi í þjóðgarðinum ábótavant.
- Viðmið vantar um í hvaða tilfellum þarf að sækja um leyfi.
- Hvernig á að reikna út kostnað við leyfi.
- Hvort viðkomandi þjóðgarðsverðir ættu ekki að sjá um leyfi á þeirra svæðum.

5. Skipulag og framkvæmdir í þjóðgarðinum – umræður (ca 17:30) gestur Árni Kristinsson formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar Fljótshéraðs.

Árni Kristinsson ræddi við svæðisráð um skipulag og framkvæmdir í þjóðgarðinum. Rætt um breytingar í kjölfar nýrra laga um þjóðgarðinn, varðandi skipulagsmál og leyfisveitingar. Fram kom að samstarf milli þjóðgarðs og sveitarfélaga mætti vera virkara. Einnig skapaðist umræða um nauðsyn þess að skapa jákvæðari ímynd af þjóðgarðinum svo íbúar sveitafélagsins myndu nýta sér svæðið meira m.a. til atvinnusköpunar.

Þórhallur lýsir yfir áhyggjum sínum að skipulagsvald hafi verið fært frá sveitafélögum til þjóðgarðsins og að ekki hafi verið staðið við það sem þjóðgarðurinn lofaði í upphafi varðandi samstarf.

6. Staðan á austursvæði.

Ragna Fanney lýsti í stuttu máli stöðu mála á svæðinu.

7. Önnur mál

Hugmyndir að breytingu á Kverkfjallavegi við Kerlingarhrygg. Þórhallur greindi frá því að vegurinn í Krepputungu væri erfiður innstu 2-3 kílómetrana. Starfsmaður Vegagerðarinnar kom að máli við hann og spurði hvernig ferlum væri hagað varðandi breytingar á vegum. Vegagerðinni verður bent á að leggja fram gögn og senda inn í formlega afgreiðslu hjá Vatnajökulspjóðgarði.

Samstarf um landvörslu. Þórhallur greindi frá áhyggjum sínum varðandi samvinnu um daglega stjórnun í Krepputungu með norðursvæði þjóðgarðsins. Hann telur varhugavert að endurtaka það

vinnufyrirkomulag að dagleg stjórnun á Krepputungunni sé í höndum þjóðgarðsvarðar (yfirlandvarðar) á norðursvæði eins og gert var síðastliðið sumar. Það mun leiða til þess að Krepputungan verði færð til frambúðar í hendur norðursvæðis. Einnig telur hann að svæðið hafi verið afskipt í sumar.

Undanþága frá tjöldun utan tjaldsvæða. Þórhallur telur ekki æskilegt að undanþágur séu veittar til gistinga utan tjaldsvæða fyrir stóra hópa. Steingrímur ekki sammála því ef umgengni er til fyrirmyndar og ef um er að ræða svæði þar sem ekki er mikið álag ferðamanna.

Svæðisráð ítrekar að lögheimili þjóðgarðsins verði flutt af Klappastíg í Fellabæ, enda er Vatnajökulsþjóðgarður landsbyggðastofnun.

Fundi slitið kl. 19:15

Ragna Fanney Jóhannsdóttir ritaði fundargerð